

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/619**

2021/EES/71/06

frá 15. apríl 2021

**um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2235, (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403
að því er varðar umbreytingarákvæði vegna notkunar á dýraheilbrigðisvottorðum,
dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum og opinberum vottorðum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 146. gr. (2. mgr.), 156. gr. (a-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr.), 162. gr. (5. mgr.), 168. gr. (4. mgr.), 213. gr. (2. mgr.), 224. gr. (4. mgr.), 238. gr. (3. mgr.) og 239. gr. (3. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽²⁾, einkum 90. gr., 126. gr. (3. mgr.) og 134. gr. (f-liður fyrstu undirgreinar),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 ⁽³⁾, (ESB) 2020/2236 ⁽⁴⁾ og (ESB) 2021/403 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum og opinberum vottorðum sem krafist er að fylgi sendingum af dýrum og vörum við tilflutninga innan Sambandsins og komu inn í Sambandið.
- 2) Til að greiða fyrir umskiptum yfir í notkun nýju dýraheilbrigðisvottorðanna og dýraheilbrigðisvottorðanna/opinberu vottorðanna vegna tilflutninga á sendingum innan Sambandsins og milli aðildarríkja og til að unnt sé að þjálfa rekstraraðila og starfsfólk lögbærra yfirvalda á viðunandi hátt í öllum aðildarríkjum er nauðsynlegt að koma á umbreytingatímabili og meðan á því stendur ættu lögbær yfirvöld í aðildarríkjum að geta notað vottorð sem eru gefin út í samræmi við löggjöf sem var í gildi fyrir þann dag sem framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2020/2235, (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403 komu til framkvæmda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjttíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 (Stjttíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 410).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/403 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af tilteknum flokkum landdýra og kímefnum þeirra, opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og niðurfellingu á ákvörðun 2010/470/ESB (Stjttíð. ESB L 113, 31.3.2021, bls. 1).

- 3) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 er kveðið á um umbreytingartímabil vegna komu sendinga af afurðum úr dýraríkinu, samsettum afurðum, spírum, sem eru ætlaðar til mannelis, og fræi sem er ætlað til framleiðslu á spírum til mannelis inn í Sambandið með meðfylgjandi viðeigandi vottorð sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 ⁽⁶⁾ og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 ⁽⁷⁾. Í þágu réttarvissu ætti því að skýra nánar hversu langt umbreytingartímabilið til að nota slík vottorð ætti að vera.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 fellir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 ⁽⁸⁾ úr gildi frá og með 21. apríl 2021. Í þeirri reglugerð er mælt fyrir um samræmt sniðmát fyrirmynda að vottorðum vegna tilflutninga á sendingum af dýrum og vörum innan Sambandsins. Að auki er í þeirri reglugerð kveðið á um samhæfi samræmdra sniðmáta fyrirmynda að vottorðum við Traces-kerfið og hún auðveldar kerfi vottunar og tilkynninga um tilflutning á slíkum sendingum innan Sambandsins. Til að gera það kleift að nota áfram vottorð í Traces-kerfinu, sem eru gefin út í samræmi við löggjöf sem var í gildi fyrir 21. apríl 2021, ætti að breyta dagsetningunni þegar sú reglugerð fellur úr gildi með hliðsjón því hvenær umbreytingartímabilinu í framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403 lýkur, eins og því er breytt með þessari reglugerð.
- 5) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236 er kveðið á um umbreytingartímabil vegna komu sendinga af lagardýrum og lagardýraafurðum inn í Sambandið með meðfylgjandi viðeigandi dýraheilbrigðisvottorði sem er gefið út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 ⁽⁹⁾. Í þágu réttarvissu ætti því að skýra nánar hversu langt umbreytingartímabilið til að nota slík vottorð ætti að vera.
- 6) Til að greiða fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum af hálfu lögbærra yfirvalda til að tryggja að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236 við tilflutninga á sendingum af lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins ætti að innleiða umbreytingartímabil og meðan á því stendur ætti viðeigandi dýraheilbrigðisvottorð, sem er gefið út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, að mega fylgja sendingum.
- 7) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/403 er kveðið á um umbreytingartímabil vegna komu sendinga af landdýrum og kímefnum þeirra inn í Sambandið með meðfylgjandi viðeigandi vottorð sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 ⁽¹⁰⁾ og (ESB) nr. 206/2010 ⁽¹¹⁾, framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 ⁽¹²⁾ og (ESB) 2018/659 ⁽¹³⁾ og ákvörðunum

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 frá 11. janúar 2012 um kröfur vegna útgáfu vottorða vegna innflutnings á tilteknum samsettum afurðum til Sambandsins og umflutnings þeirra gegnum það og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB og reglugerð (EB) nr. 1162/2009 (Stjtið. ESB L 12, 14.1.2012, bls. 1).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 frá 8. apríl 2019 um fyrirmyndir að opinberum vottorðum fyrir tiltekin dýr og vörur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar fyrirmyndir að vottorðum (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 101).

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 frá 30. mars 2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 44).

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

⁽¹²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 frá 7. janúar 2013 um dýraheilbrigðisskilyrði fyrir innflutningi á tilteknum fuglum til Sambandsins og skilyrði fyrir sóttkvíun þeirra (Stjtið. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 1).

⁽¹³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/659 frá 12. apríl 2018 um skilyrði fyrir komu lifandi dýra af hestaætt og sæðis, eggja og fósturvísa úr dýrum af hestaætt inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 1).

framkvæmdastjórnarinnar 2006/168/EB⁽¹⁴⁾ og 2010/472/ESB⁽¹⁵⁾ sem og í samræmi við framkvæmdarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2011/630/ESB⁽¹⁶⁾, 2012/137/ESB⁽¹⁷⁾ og (ESB) 2019/294⁽¹⁸⁾. Í þágu réttarvissu ætti því að skýra nánar hversu langt umbreytingartímabilið til að nota slík vottorð ætti að vera.

- 8) Til að greiða fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum af hálfu lögbærra yfirvalda til að tryggja að farið sé að framkvæmdareglugerð (ESB) 2021/403 við tilflutninga á sendingum af landdýrum og kímefnum þeirra milli aðildarríkja ætti að innleiða umbreytingartímabil og meðan á því stendur ætti viðeigandi vottorð, sem er gefið út í samræmi við tilskipanir ráðsins 64/432/EBE⁽¹⁹⁾, 88/407/EBE⁽²⁰⁾, 89/556/EBE⁽²¹⁾, 90/429/EBE⁽²²⁾, 91/68/EBE⁽²³⁾, 92/65/EBE⁽²⁴⁾, 2009/156/EB⁽²⁵⁾ og 2009/158/EB⁽²⁶⁾, sem og í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/470/ESB⁽²⁷⁾, að mega fylgja sendingum.
- 9) Þar eð framkvæmdareglugerðir (ESB) 2020/2235, (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403 gilda frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

⁽¹⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/168/EB frá 4. janúar 2006 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorðs dýralæknis vegna innflutnings í Bandalagið á fósturvísu úr nautgripum og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/217/EB (Stjttíð. ESB L 57, 28.2.2006, bls. 19).

⁽¹⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/472/ESB frá 26. ágúst 2010 um innflutning á sæði, eggfrumum og fósturvísu úr sauðfé og geitum til Sambandsins (Stjttíð. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 74).

⁽¹⁶⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/630/ESB frá 20. september 2011 um innflutning til Sambandsins á sæði húsdýra af nautgripakyni (Stjttíð. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 32).

⁽¹⁷⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/137/ESB frá 1. mars 2012 um innflutning á sæði úr tömdum svínunum inn í Sambandið (Stjttíð. ESB L 64, 3.3.2012, bls. 29).

⁽¹⁸⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/294 frá 18. febrúar 2019 um skrá yfir yfirráðasæði og þriðju lönd sem hafa leyfi til að flytja hunda, ketti og frettur inn í Sambandið og um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna slíks innflutnings (Stjttíð. ESB L 48, 20.2.2019, bls. 41).

⁽¹⁹⁾ Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjttíð. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977).

⁽²⁰⁾ Tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14. júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni (Stjttíð. EB L 194, 22.7.1988, bls. 10).

⁽²¹⁾ Tilskipun ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísu húsdýra af nautgripakyni (Stjttíð. EB L 302, 19.10.1989, bls. 1).

⁽²²⁾ Tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af svínakyni (Stjttíð. EB L 224 18.8.1990, bls. 62).

⁽²³⁾ Tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur (Stjttíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19).

⁽²⁴⁾ Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stjttíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54).

⁽²⁵⁾ Tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjttíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1).

⁽²⁶⁾ Tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útgunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjttíð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74).

⁽²⁷⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/470/ESB frá 26. ágúst 2010 þar sem mælt er fyrir um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir viðskipti innan Sambandsins með sæði, egg og fósturvísu úr dýrum af hestaætt, sauðfé og geitum, og með egg og fósturvísu úr svínunum (Stjttíð. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 15).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235

Í stað 35. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2235 kemur eftirfarandi:

„35. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Sendingar af afurðum úr dýraríkinu, samsettum afurðum, spírum, sem eru ætlaðar til manneldis, og fræjum, sem eru ætluð til framleiðslu á spírum til manneldis, með meðfylgjandi viðeigandi vottorð sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 28/2012 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/628 skulu samþykktar til komu inn í Sambandið til 20. október 2021 að því tilskildu að vottorðið hafi verið undirritað af einstaklingnum sem hafði heimild til að undirrita það í samræmi við þá reglugerð og framkvæmdarreglugerð fyrir 21. ágúst 2021.
2. Samræmt sniðmát fyrirmynda að vottorðum vegna tilflutninga innan Sambandsins, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 599/2004, skal samþykkt vegna tilflutninga innan Sambandsins til 17. október 2021.
3. Líta ber á tilvísanir í ákvæði niðurfelldra gerða í vottorðunum og í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 599/2004 sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði sem koma í þeirra stað og skulu þær, eftir atvikum, lesnar í samræmi við samsvörunartöflurnar.“

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236

Í stað 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2236 kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Sendingar af lagardýrum og lagardýraafurðum með meðfylgjandi viðeigandi dýraheilbrigðisvottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1251/2008, skulu samþykktar til komu inn í Sambandið til 20. október 2021 að því tilskildu að dýraheilbrigðisvottorðið hafi verið undirritað af opinberum skoðunarmanni fyrir 21. ágúst 2021.
2. Sendingar af lagardýrum og lagardýraafurðum með meðfylgjandi viðeigandi dýraheilbrigðisvottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1251/2008, skulu samþykktar til tilflutninga innan Sambandsins til 17. október 2021.
3. Líta ber á tilvísanir í ákvæði niðurfelldra gerða í vottorðunum sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði sem koma í þeirra stað og skulu þær, eftir atvikum, lesnar í samræmi við samsvörunartöflurnar.“

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/403

Í stað 27. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/403 kemur eftirfarandi:

„27. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Sendingar af landdýrum og kímefnum þeirra með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 798/2008 og (ESB) nr. 206/2010, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 139/2013 og (ESB) 2018/659, ákvörðunum 2006/168/EB og 2010/472/ESB, sem og í samræmi við framkvæmdarákvarðanir 2011/630/ESB, 2012/137/ESB og (ESB) 2019/294, skulu samþykktar til komu inn í Sambandið til 20. október 2021 að því tilskildu að vottorðið hafi verið undirritað af einstaklingi sem hafði heimild til að undirrita vottorðið í samræmi við þessar reglugerðir, framkvæmdarreglugerðir, ákvarðanir og framkvæmdarákvarðanir fyrir 21. ágúst 2021.
2. Sendingar af tilteknum flokkum hóf- og klaufdýra með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum ráðsins 64/432/EBE (*), 91/68/EBE (**), tilskipun 92/65/EBE og tilskipun ráðsins 2009/156/EB (***), skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.
3. Sendingar af tilteknum flokkum fugla og kímefna þeirra með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 2009/158/EB (****), skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.
4. Sendingar af tilteknum flokkum kímefna úr nautgripum með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 88/407/EBE og 89/556/EBE, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.
5. Sendingar af tilteknum flokkum kímefna úr sauðfé og geitum með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2010/470/ESB, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.
6. Sendingar af tilteknum flokkum kímefna úr svínunum með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/429/EBE og ákvörðun 2010/470/ESB, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.
7. Sendingar af tilteknum flokkum kímefna úr dýrum af hestaætt með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2010/470/ESB, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.
8. Sendingar af tilteknum flokkum býflugna með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/65/EBE, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.
9. Sendingar af tilteknum flokkum landdýra og tilteknum kímefnum þeirra með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/65/EBE, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.
10. Líta ber á tilvísanir í ákvæði niðurfelldra gerða í vottorðunum sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði sem koma í þeirra stað og skulu þær, eftir atvikum, lesnar í samræmi við samsvörunartöflurnar.

(*) Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjttíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977).

(**) Tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur (Stjttíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19).

(***) Tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjttíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1).

(****) Tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjttíð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74).“

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
